

Ytra mat grunnskóla

Álftanesskóli

September 2020

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir
mennta- og menningarmálaráðuneytið og Garðabæ.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03 2026

Höfundar: Hanna Hjartardóttir og Björg Jónsdóttir

© Menntamálastofnun, 2020.

ISBN 978-9979-0-2653-2

Efnisyfirlit

Innihald

Efnisyfirlit.....	3
Samantekt niðurstaðna	4
Skólaprófill.....	7
Upplýsingar um Álftanesskóla	8
Niðurstöður	10
Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta	10
1.1 Samvirkni í stefnumótun	10
1.2 Faglegt samstarf og samræða	10
1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	11
1.4 Umbætur og innleiðing breytinga	11
1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir.....	12
1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting.....	12
1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	13
Þáttur 2 – Nám og kennsla	15
2.3 Gæði kennslu	18
2.4 Skipulag náms.....	19
2.5 Námsvitund	20
2.6 Ábyrgð og þátttaka	21
Þáttur 3 – Innra mat	23
3.1 Skipulag.....	23
3.2 Framkvæmd.....	23
3.3 Umbætur	23

Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Álftanesskóla í Garðabæ sem fór fram á haustönn 2020. Lagt var mat á þrjá fyrir fram ákveðna matsþætti sem eru *stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla* og *innra mat*. Ekki kom fram ósk frá skóla eða sveitarfélagi um fjórða matsþáttinn. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram hér.

Stjórnun og fagleg forysta

Styrkleikar

- Skólanámskrá er á heimasíðu og uppfyllir öll viðmið aðalnámskrár.
- Stefna skólans, svo sem Uppeldi til ábyrgðar, er sýnileg í starfsháttum.
- Stefna skólans er endurskoðuð reglulega af stjórnendum og kennurum.
- Stjórnendur skapa svigrúm fyrir sameiginlega starfsþróun starfsmanna.
- Fjöldi verkefnastjóra innan skólans geta leiðbeint öðrum varðandi nýtingu gagna.
- Símenntunaráætlun byggir á stefnu skólans og þar rúmast einstaklingsbundnar forsendur til starfsþróunar.
- Í símenntunaráætlun er þess gætt að gera ráð fyrir starfsþróun vegna þróunarverkefna.
- Mikil og markviss samskipti eru við grenndarsamfélagið.
- Gefið er út fréttabréfið Fuglafit sem fer inn á öll heimili og veitir upplýsingar um skólastarfið.
- Stjórnendur eiga beina og óbeina aðild að öllum þróunarverkefnum.
- Netöryggi er kynnt nemendum á ýmsan hátt.
- Starfsfólk er sáttt við hvernig daglegt starf er skipulagt.
- Árlega er haldið skólalöng með nemendum þar sem þeir koma sínum sjónarmiðum á framfæri.
- Verkaskipting stjórnenda er skráð og þeir funda reglulega og miðla upplýsingum sín á milli.
- Starfsþróunarsamtöl fara fram árlega.
- Stjórnendur fylgjast með námi og kennslu og veita endurgjöf.
- Mannauður er vel nýttur og fjöldi verkefnastjóra leiða hin ýmsu verkefni.
- Starfsmannasáttmáli er til staðar.

Tækifæri til umbóta

- Gæta þess við endurskoðun skólanámskrár, m.a. skólareglna og stefnu skólans að allir hagsmunaaðilar komi þar að verki.
- Gera grein fyrir í náms- og kennsluáætlunum hvernig unnið er með stefnu skólans.
- Hafa reglulega starfsmannafundi yfir allt skólaárið og birta fundaáætlun að hausti.
- Virkja foreldra enn frekar til þátttöku í stefnumörkun skólans.
- Leita eftir sýn og hugmyndum foreldra á fjölbreyttan hátt.
- Fjölga kennslustundum í vali á unglingastigi.
- Kynna enn betur stoðþjónustu skólans fyrir öllum hagsmunaaðilum.
- Skólaráð setji sér vinnuáætlun og fundi reglulega.
- Skólaráð haldi árlega opinn fund um skólamál með öllum hagsmunaaðilum.
- Kynna enn betur fyrir nemendum hvar þeir eiga fulltrúa í ráðum og nefndum.
- Setja á heimasíðu hvaða þróunarverkefni eru í gangi á þessu skólaári og hverjir leiða þau.

Nám og kennsla

Styrkleikar

- Stefna skólans um kennsluhætti er sýnileg á vettvangi.
- Stefnan Uppeldi til ábyrgðar er áberandi í öllu skólastarfi.
- Námsvísar (náms- og kennsluáætlanir) eru greinargóðir og byggja á aðalnámskrá.
- Stuðningur er fjölbreyttur og tekur til allra þátta í skólastarfinu.
- Einstaklingsnámskrár eru í Mentor sem hæfnikort með matskvörðum.
- Niðurstaða nemendakönnunar gefur til kynna að einelti sé umtalsvert minna en í öðrum skólum sem nýta Skólapúl.
- Í skólanámskrá er gerð grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum.
- Námsmat er fjölbreytt og tekur mið af kennsluháttum.
- Bráðgerir nemendur fá nám við hæfi.
- Grenndarsamfélagið er markvisst nýtt í skólastarfi.
- Nemendur vinna ýmis samþætt verkefni svo sem Lesið í nesið.
- Nemendur þjálfast í að meta eigið nám og vinnu.
- Nemendur í nemendaráði fá þjálfun í að koma skoðunum sínum á framfæri.
- Árlegt skólaþing eflir nemendalýðræði í skólanum.
- Samvinna og stuðningur ríkir innan nemendahópsins.
- Að mati foreldra fá nemendur hvatningu til að leggja sig fram í náminu og taka framförum.

Tækifæri til umbóta

- Gera grein fyrir hvernig námsaðlögun er háttað í náms- og kennsluáætlun.
- Auka enn frekar fjölbreytni kennsluhátta.
- Gera nemendum betur grein fyrir markmiðum einstakra kennslustunda.
- Auka umræður og skoðanaskipti í kennslustundum.
- Efla samstarf og samvinnu nemenda í námi.
- Kynna enn betur fyrir nemendum heildarmarkmið námsgreina.
- Kenna nemendum markvisst að setja sér markmið.
- Hafa nemendur með í ráðum við gerð einstaklingsnámskráa þegar við á.
- Gera áhugasvið nemenda sýnilegri í verkum þeirra.
- Sjá til þess að ákvarðanir ráða og nefnda sem nemendur sitja í séu öllum nemendum aðgengilegar.
- Hvetja til reglulegra bekkjarfunda í öllum árgöngum til að auka nemendalýðræði og þjálfu nemendur markvisst í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.
- Efla upplýsingagjöf til foreldra um námsárangur og námsáætlanir.
- Leita leiða til að bæta enn frekar líðan nemenda í skólanum.

Innra mat

Styrkleikar

- Í skólanámskrá er fjallað um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta sitt innra starf.
- Mat á námi og framförum og árangri nemenda fer fram með ýmsum hætti, m.a. með leiðsagnarmati.
- Mat á kennslu af hálfu stjórnenda og jafningjamat kennara er á áætlun innra mats á þessum ári.
- Framkvæmd innra mats er á ábyrgð stjórnenda.
- Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðila.
- Innra mat byggir á fjölbreyttri gagnaöflun.
- Allir hagsmunaaðilar geta nefnt umbætur sem raktar eru til innra mats.
- Greinargóðar skýrslur um innra mat eru á heimasíðu skólans.
- Aðgerðaráætlun skólans vegna skólastefnu Garðabæjar til þriggja ára er á heimasíðu.

Tækifæri til umbóta

- Skipa matsteymi með fulltrúum allra hagsmunaaðila sem hefur umsjón með innra mati, velur leiðir og matsþætti, ákveður framkvæmd og ræðir umbætur.
- Gera langtímaáætlun í innra mati (3-5 ár).
- Ljúka skýrslu um innra mat áður en nýtt skólaár hefst.
- Kynna niðurstöður innra mats formlega fyrir öllum hlutaðeigandi.
- Samræður um þróun og umbætur fari fram meðal allra hagsmunaaðila.
- Gera umbótaáætlun þar sem fram koma markmið, leiðir, þátttakendur, ábyrgðaraðilar, tímasetningar og hvernig og hvenær á að meta umbætur.
- Leita enn frekar formlegra og óformlegra leiða til að fá hugmyndir og tillögur foreldra varðandi skólastarfið og stefnu skólans.

Skólaprófíll

Ný og endurskoðuð matsviðmið hafa verið tekin í notkun við ytra mat á grunnskólum. Markmið endurskoðunarinnar var meðal annars að skerpa á kröfum og láta matið ná betur til faglegs leiðtogahlutverks skólastjóra, auka vægi lærdómssamfélagsins og skerpa á árangurskröfum.

Meginkaflar í matinu eru áfram stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat. Undirköflum sem mynda litaprófil skóla hefur fækkað úr 23 í 16. Einnig hefur litaskala verið breytt. Prófílar skóla eru ekki samanburðarhæfir.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Samvirkni í stefnumótun	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Faglegt samstarf og samræða	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námsvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í-samfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðing breytinga				

Heildarstig undirkafla	Litur	Lýsing á starfi
3,6 – 4		Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
2,6 – 3,5		Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
1,6 – 2,5		Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
1,0 – 1,5		Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

Upplýsingar um Álftanesskóla

Fyrsti áfangi Álftanesskóla var tekinn í notkun haustið 1978. Fyrir þann tíma var skólahald á Bessastöðum frá 1880 en Bjarnastaðaskóli starfaði frá 1889 til 1978 og var til húsa að Bjarnastöðum. Frá hausti 1998 hefur Álftanesskóli verið einsetinn og er í dag heildstæður grunnskóli fyrir nemendur í 1.-10. bekk. Skólasafnið og Bókasafn Álftaness/Garðabæjar eru rekin sameiginlega í skólahúsinu.

Í skólastarfinu er lögð áhersla á að „allir eru einstakir“, sem segja má að séu einkunnarorð skólans. Litið er svo á að mannleg samskipti og ábyrg hegðun séu grunnþættir í skólastarfinu og að forsenda náms sé að nemendum líði vel í skólanum. Skólinn hefur lengi starfað eftir stefnunni *Uppeldi til ábyrgðar* þar sem leitast er við að styrkja nemendur, efla sjálfstraust og auka virðingu.

Árið 2010 var gerð úttekt á skólastarfinu og var það í höndum Attentus. Eftirfylgni með úttektinni kemur fram í bréfi til ráðuneytis í desember 2012.

Á haustönn skólaárið 2020 eru 407 nemendur í skólanum. Fjöldi nemenda eftir bekkjardeildum er eftirfarandi:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi nemenda	38	38	30	32	50	42	49	36	46	46
Fjöldi bekkjardeilda	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2

Starfsmenn Álftanesskóla eru 73. Stjórnendur eru fjórir, skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og tveir deildarstjórar, annars vegar 1.-10. bekkjar og hins vegar stoðþjónustu.

Kennarar eru 39, þar af starfa þrír kennarar sem sérkennarar. Af kennurum eru fjórir leiðbeinendur, allir í 50% starfshlutfalli eða minna. Við skólann starfa einnig tveir námsráðgjafar og tveir þroskaþjálfar og annað starfsfólk telur 22 einstaklinga. Talmeinafræðingur og sálfræðingur eru ekki með fasta viðveru en þjónusta skólann eftir þörfum.

Við skólann er starfandi frístund sem skólastjóri ber ábyrgð á en er undir daglegri stjórn forstöðumanns. Félagsmiðstöðin Elítan er ekki beint undir stjórn skólans en forstöðumaður hennar starfar náið með skólastjórnendum og nemendaráði.

Sjö nemendur eru af erlendum uppruna og í vetur stunda 12 nemendur nám á öðru skólastigi.

Nemendur sem fá kennslu í íslensku sem öðru tungumáli og nemendur með skilgreinda sérkennslu eftir bekkjum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Íslenska sem annað tungumál		1	2	1			2		1	
Einstaklingsnámskrá				1	1		1		2	3
Sérkennsla og aðlagð námsefni	7	10	6	7	10	5	9	6	8	6

Fjöldi kennslustunda sem féllu niður á skólaárinu 2019-2020 eftir bekkjum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi kest.					1	8	10	8	7	4

Upplýsingar vegna Covid-19

Vegna Covid-19 veirunnar var á vorönn 2020 dagleg kennsla skert í 27 daga hjá öllum árgöngum og kennt 2-3 stundir á dag. Á þessum dögum féll alveg niður kennsla í list- og verkgreinum og skólaþróttum.

Fjarkennsla var veitt að miklu leyti fyrir 5.-10. bekk í öllum bóklegum greinum en að litlu leyti í 1.-4. bekk.

Niðurstöður

Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta

Samvirkni í stefnumótun	Faglegt samstarf og samræða	Tengsl við foreldra og aðra í skóla-samfélaginu	Umbætur og innleiðing breytinga	Vinnulag, verklags-reglur og áætlanir	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting	Leiðtoga-hæfni stjórnenda og starfsmanna
-------------------------	-----------------------------	---	---------------------------------	---------------------------------------	---------------------------------------	--

1.1 Samvirkni í stefnumótun

Stjórnendur hafa forystu um að mótuð sé sýn og stefna skólans og hún endurspeglar áherslu á rétt allra nemenda til náms á eigin forsendum. Það speglast í einkunnarorðum skólans; *allir eru einstakir*. Þessi sýn kom fram í rýnihópaviðtölum og var sýnileg á vettvangi.

Skólinn hefur unnið eftir stefnunni *Uppeldi til ábyrðar* í bráðum tvo áratugi og starfsmenn skólans hafa verið leiðandi í að koma stefnunni á framfæri. Fram kom í rýnihópaviðtali að í vetur verður sérstaklega lögð áhersla á að skerpa þessa sýn hjá öllum hagsmunaaðilum og sérstakur verkefnastjóri mun leiða þá vinnu.

Skólanámskráin er í þremur skilgreindum hlutum og uppfyllir öll viðmið aðalnámskrá, sama gildir um starfsáætlun. Hún er uppfærð reglulega af stjórnendum og kennurum.

Stefna skólans er sýnileg í starfsháttum, endurskoðuð reglulega af stjórnendum og kennurum en ekki er haft beint samráð við alla hagsmunaaðila skólasamfélagsins. Markmið endurskoðunar er að efla starf skólans og hún skilar sér í daglegt líf og starf nemenda.

Í skólanámskrá kemur fram að eitt af markmiðum skólans er að efla útivist og útikennslu. Í því sambandi má geta árlegs umhverfisverkefnis *Lesið í nesið* og árlegan margæsardag að vori þar sem nemendur fá fræðslu um þennan fugl sem sækir Álfanes heim vor og haust. Unnin eru verkefni og margæsir skoðaðar á vettvangi.

1.2 Faglegt samstarf og samræða

Stjórnendur skapa svigrúm fyrir sameiginlega starfsþróun starfsmanna innan og utan skólans. Símenntunaráætlun byggir á stefnu skólans og nær til allra starfsmanna. Þar rúmast einnig einstaklingsbundnar forsendur til starfsþróunar.

Ígrundun og gagnrýnin samræða um starfshætti fer einkum fram á stigsfundum hjá kennurum. Í starfsmannaviðtölum gera starfsmenn stjórnendum grein fyrir sinni sí- og endurmenntun og óskum þar um.

Í viku hverri eru faglegir fundir hjá kennurum og stjórnendum, þeir skiptast í almenna kennarafundi, stigsfundi og fræðslufundi, en almennir starfsmannafundi eru ekki haldnir reglulega allt skólaárið. Skólaliðar funda með aðstoðarskólastjóra á hálf mánaðar fresti og stuðningsfulltrúar funda með deildarstjóra stoðþjónustu.

Kennarar geta fengið ráðgjöf og leiðbeiningar til að nýta niðurstöður og gögn innan skólans, því við skólann starfa verkefnastjórar sem leiða ýmis fagleg verkefni.

1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu

Samskipti við foreldrafélag eru góð og gagnvirk. Samskipti við aðra foreldra fara að mestu fram milli viðkomandi foreldra og umsjónarkennara. Skólinn gefur reglulega út blaðið Fuglafit sem miðlar ýmsum upplýsingum um skólastarfið til foreldra.

Leitað er eftir sýn og hugmyndum foreldra með foreldrakönnun í Skólapúlси annað hvert ár en lítið er um formlega eða óformlega fundi þar sem óskað er eftir aðkomu foreldra t.d. að stefnumörkun. Í foreldrakönnun sem lögð var fyrir í tengslum við matið og foreldrar tæplega 50% nemenda svöruðu, kom fram að tæplega fjórðungur foreldra telur að skólinn leiti eftir hugmyndum og tillögum foreldra en yfir 40% voru því ekki sammála.

Undanfarin ár hafa verið svokallaðir haustfundir, tengdir skólasetningu, þar sem rætt er um áherslur í námi og starfi vetrarins, en vegna aðstæðna í þjóðfélaginu í dag (Covid19) féllu þeir niður í haust en upplýsingar um helstu áherslur vetrarins sendar heim í tölvupósti. Fram kom í rýnihópi kennara að eftir námsviðtöl sem eru tvisvar á skólaári, er fjallað um niðurstöður þeirra á deildafundum því þar geta foreldrar komið með sín sjónarmið um það sem vel er gert og það sem betur má fara.

Á heimasíðu er hægt að lesa um stoðþjónustu skólans en hún er ekki kynnt markvisst fyrir foreldrum að öðru leyti en því að á fundi með fyrstu bekkingum að hausti er gerð ítarlega grein fyrir þeirri þjónustu sem í boði er.

Gott samstarf er við leikskólana og vinnuáætlun er til sem fjallar um þau samskipti. Þá er einnig rætt um tengsl við framhaldsskóla í skólanámskrá. Mikil samskipti eru við aðra í skólasamfélaginu, má þar nefna tónlistarskólann sem er til húsa í skólanum. Verkefnið Lesið í nesið sem er skilgreint sem umhverfisverkefni, er árlegt. Þar er fjallað um sögu Álftaness, gróður, umhverfi og samfélagið í heild. Í ár verður verkefnið tengt 140 ára afmæli skólalahalds á Álftanesi. Samstarf er einnig við íþróttafélag og kirkjuna.

Skólastjóri stýrir starfi skólaráðs sem tekur virkan þátt í stefnumótun skólans. Fundir eru ekki reglulegir en 2-3 á ári og ekki er til sérstök vinnuáætlun fyrir ráðið en fundargerðir þess eru á heimasíðu. Skólaráð hefur ekki haldið opna fundi fyrir alla í samfélaginu á hverju ári eins og reglugerð segir til um.

Reglulegir fundir skólastjórnenda eru með forstöðumönnum frístundar og félagsmiðstöðvarinnar Elítunnar.

1.4 Umbætur og innleiðing breytinga

Mat á árangri og störfum er stöðugt í gangi sem hluti af daglegu starfi stjórnenda og niðurstöður þess eru nýttar sem grundvöllur umbótastarfs.

Í læsisstefnu skólans er listi yfir þær kannanir og skimanir sem nýttar eru í skipulagi kennslu til að auka árangur nemenda í lestri. Líðan nemenda er könnuð m.a. með spurningum í Skólapúlси.

Í starfsáætlun er fjallað um ferli upplýsinga til foreldra en það fer fyrst og fremst fram í gegnum Mentor og með vikulegum tölvupóstum frá umsjónarkennurum yngri nemenda til foreldra auk almennra tölvusamskipta.

Fjöldi umbóta- og/eða þróunarverkefna er í gangi í skólanum. Þau leiða ýmist stjórnendur eða sérstakir verkefnastjórar. Á heimasíðu má sjá hverjir voru í hvaða verkefni liðið skólaár. Þau verkefni sem studd eru af Þróunarsjóði Garðabæjar eru ætíð kynnt fyrir skólasamfélaginu í Garðabæ og fylgt eftir með opinberri skýrslu. Framgangur annarra verkefna er kynntur á kennarafundum. Meðal þróunarverkefna

er Uppeldi til ábyrgðar ætíð til skoðunar og þróunar, Vaxandi hugarfar, sem snýr að því að efla námsvitund nemenda, stærðfræði í hringekjum á yngsta stigi og námsmat í víðum skilningi.

Í símenntunaráætlun má sjá að þess er gætt að gera ráð fyrir símenntun sem þróunarverkefni krefjast.

1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir

Helstu upplýsingar um skólastarfið eru aðgengilegar á heimasíðu. Sátt er í skólasamfélaginu um stjórn skólans að því er kemur fram í könnunum Skólapúls. Að mati fulltrúa í rýnihópum er daglegt starf vel skipulagt og ágreiningur, ef upp kemur, leystur sem fyrst.

Almennar skólareglur hafa ekki verið endurskoðaðar nýlega því þar má sjá atriði sem ekki stemma við skipurit skólans eins og það lítur út í dag. Ekki hafa allir hagsmunaaðilar komið að gerð skólareglna en nemendur voru þó með í að setja fram reglur um snjalltækjanotkun á síðasta skólaári. Nemendur í hverjum bekk, í samstarfi við umsjónarkennara, setja sér sínar bekkjarreglur. Það eru fyrst og fremst almennar umgengnisreglur og í tengslum við Uppeldi til ábyrgðar.

Nemendur sögðu frá því í rýnihópi að þeim væri kynnt netöryggi, bæði af hálfu starfsmanna og einnig utanaðkomandi aðila. Þetta tóku fulltrúar í öðrum rýnihópum undir.

Nemendur eru fullgildir fulltrúar í skólaráði og þeir sitja í nemendaráði. Nemendur eiga kost á að velja sér tómstunda- og félagsmálafræði sem eina valgrein á unglingastigi. Úr þeim hópi er svo kosið í nemendaráð. Nemendur í nemendaráði vinna síðan með umsjónarmanni félagsmiðstöðvarinnar Elítunnar að félagsmálum nemenda. Í rýnihópi eldri nemenda kom fram að það var ekki ljóst í þeirra huga hvar nemendur eiga aðkomu í nefndum og ráðum.

Sjónarmið nemenda koma einnig fram á þann hátt að á hverju ári er haldið skólaþing þar sem koma saman allir nemendur í 5.-10. bekk og fjalla um hin ýmsu málefni. Niðurstöðum þeirra er síðan komið til stjórna eða annarra sem vinna úr gögnunum.

Boðið er upp á fjölda valgreina á unglingastigi, 8. bekkur fær tvær kennslustundir á viku en 9. og 10. bekkur fá sex stundir á viku. Þetta nær ekki því sem gert er ráð fyrir í aðalnámskrá grunnskóla þar sem viðmiðið er að allt að fimmtungur námstíma á unglingastigi eigi að vera val.

Í skólanámskrá er móttökuáætlun fyrir nýja nemendur og þar er fjallað um móttöku tvítýngdra barna, hins vegar er ekki eiginleg móttökuáætlun fyrir nemendur með sérþarfir þar sem er t.d. gátlisti vegna þeirra tækja sem þarf að nota eða annarra sérþarfa þeirra.

1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting

Stjórnendur skólans skipta með sér verkum þannig að sérþekking þeirra og reynsla nýtist skólastarfinu sem best. Verkaskipting stjórnenda og annarra starfsmanna er skráð í starfsmannahandbók, sem er hluti af skólanámskrá, og því öllum ljós.

Stjórnendur funda reglulega í viku hverri og miðla upplýsingum sín á milli og þeir gefa út vikutíðindi fyrir starfsmenn. Stjórnendur hafa fylgst reglulega með námi og kennslu með því að vera á vettvangi í kennslustundum. Það var gert á síðasta ári og er á dagskrá í vetur skv. innra mats áætlun. Þar er einnig gert ráð fyrir jafningjafræðslu.

Starfsþróunarsamtöl fara fram einu sinni ári. Í starfsmannahandbók, sem er hluti af skólanámskrá, er starfsmannasáttmáli: *Við berum virðingu fyrir okkur, öðrum og umhverfinu. Við vinnum í sátt og erum samstilltur hópur.*

1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna

Markvisst er leitast við að styrkja leiðtogahæfni starfsmanna skólans og fela fjölbreyttum hópi ábyrgð og umboð til að leiða verkefni. Þannig eru í gangi ýmis verkefni leidd af mismunandi leiðtogum, þ.e. verkefnastjórum og stigsstjórum. Í ársskýrslu frá liðnu ár má finna upplýsingar um þessi verkefni, svo sem Uppeldi til ábyrgðar, námsmat- Mentor, leiðsagnarmat, umhverfismál og læsi.

Í rýnihópum kom fram að starfsfólki finnst það njóta trausts og hafa möguleika á að bera ábyrgð á verkefnum. Þar kom einnig fram að ef ágreiningsmál koma upp eru þau leyst sem fyrst eða eins og einn starfsmaður orðaði það: „ Boltinn fær ekki að rúlla, reynt að leysa úr málunum“.

Styrkleikar

- Skólanámskrá er á heimasíðu og uppfyllir öll viðmið aðalnámskrár.
- Stefna skólans, svo sem Uppeldi til ábyrgðar, er sýnileg í starfsháttum.
- Stefna skólans er endurskoðuð reglulega af stjórnendum og kennurum.
- Stjórnendur skapa svigrúm fyrir sameiginlega starfsþróun starfsmanna.
- Fjöldi verkefnastjóra innan skólans geta leiðbeint öðrum varðandi nýtingu gagna.
- Símenntunaráætlun byggir á stefnu skólans og þar rúmast einstaklingsbundnar forsendur til starfsþróunar.
- Í símenntunaráætlun er þess gætt að gera ráð fyrir starfsþróun vegna þróunarverkefna.
- Mikil og markviss samskipti eru við grenndarsamfélagið.
- Gefið er út fréttabréfið Fuglafit sem fer inn á öll heimili og veitir upplýsingar um skólastarfið.
- Stjórnendur eiga beina og óbeina aðild að öllum þróunarverkefnum.
- Netöryggi er kynnt nemendum á ýmsan hátt.
- Starfsfólk er sáttt við hvernig daglegt starf er skipulagt.
- Árlega er haldið skólaþing með nemendum þar sem þeir koma sínum sjónarmiðum á framfæri.
- Verkaskipting stjórnenda er skráð og þeir funda reglulega og miðla upplýsingum sín á milli.
- Starfsþróunarsamtöl fara fram árlega.
- Stjórnendur fylgjast með námi og kennslu og veita endurgjöf.
- Mannauður er vel nýttur og fjöldi verkefnastjóra leiða hin ýmsu verkefni.
- Starfsmannasáttmáli er til staðar.

Tækifæri til umbóta

- Gæta þess við endurskoðun skólanámskrár, m.a. skólareglna og stefnu skólans að allir hagsmunaaðilar komi þar að verki.
- Gera grein fyrir í náms- og kennsluáætlunum hvernig unnið er með stefnu skólans.
- Hafa reglulega starfsmannafundi yfir allt skólaárið og birta fundaáætlun að hausti.
- Virkja foreldra enn frekar til þátttöku í stefnumörkun skólans.
- Leita eftir sýn og hugmyndum foreldra á fjölbreyttan hátt.
- Fjölga kennslustundum í vali á unglingastigi.
- Kynna enn betur stoðþjónustu skólans fyrir öllum hagsmunaaðilum.
- Skólaráð setji sér vinnuáætlun og fundi reglulega.
- Skólaráð haldi árlega opinn fund um skólamál með öllum hagsmunaaðilum.
- Kynna enn betur fyrir nemendum hvar þeir eiga fulltrúa í ráðum og nefndum.
- Setja á heimasíðu hvaða þróunarverkefni eru í gangi á þessu skólaári og hverjir leiða þau.

Þáttur 2 – Nám og kennsla

Inntak og námskrá	Árangur náms	Gæði kennslu	Skipulag náms	Námsvitund	Ábyrgð og þátttaka
-------------------	--------------	--------------	---------------	------------	--------------------

2.1 Inntak og námskrá

Borin er virðing fyrir fjölbreytileika, mismunandi þörfum, hæfileikum og einkennum nemenda. Einkunnarorðin *allir eru einstakir* falla vel að því sem unnið er að í náminu.

Náms- og kennsluáætlanir eins og það er nefnt á heimasíðu skólans endurspeglar áherslur, svo sem um eflingu læsis og áherslur stjórnvalda. Þessar áætlanir eru greinargóðar og þar koma m.a. fram markmið námsgreina, námsmat, kennsluefni og aðferðir en ekki er beint fjallað þar um námsaðlögun. Á vettvangi mátti þó sjá að hugað er að þeim þætti.

Ítarlegri kennsluáætlanir eru í Mentor og oft á tíðum einnig sjáanlegar í kennslustofunni.

Sérstakur stuðningur við nemendur fer fram með ýmsum hætti og fer eftir þörfum nemandans hverju sinni. Þannig er stuðningur ýmist í námsverum eða í námsumhverfi bekkjarins. Þegar við á fá nemendur einstaklingsnámskrá.

Náms- og kennsluáætlanir hafa verið kynntar foreldrum á svokölluðum haustfundum en í haust voru þær kynntar á rafrænan hátt.


2.2 Árangur náms

Námsmat er fjölbreytt og byggir á hæfniviðmiðum og er unnið eftir leiðsagnarmati. Í skólanámskrá er gerð grein fyrir viðmiðum um námsmat og námskvörðum. Í innra mats áætlun er gert ráð fyrir áherslu á vinnu við fjölbreytt námsmat.

Samræmd könnunarpróf.


Einn af einkunnakvörðunum við úrvinnslu samræmdra könnunarprófa í grunnskólum landsins byggir á aðlögun stigadreifingar að normaldreifingu. Einkunnakvarðinn hefur alltaf sama meðaltal og staðalfrávik frá ári til árs og er því samanburðarhæfur á milli ára og jafnvel milli námsgreina. Kvarðinn nær frá 0 upp í 60, meðaltalið er 30.

Árangur 4. bekkjar í íslensku var um eða rétt yfir meðaltali árin 2015-2018 en er nú aðeins undir meðaltali. Línuritíð sýnir að árangur í stærðfræði hefur verið undir meðaltali frá 2015 að árinu 2018 undanskyldu en þá var árangurinn yfir meðaltali.




Mynd 1. Árangur nemenda í 4. bekk á samræmdum könnunarprófum.

Árangur nemenda í 7. bekk hefur sveiflast nokkuð á milli ára og er árangur bæði í íslensku og stærðfræði rétt um og við meðaltal á síðustu prófum.



Mynd 2. Árangur nemenda í 7. bekk á samræmdum könnunarprófum.

Árangur nemenda í 9. bekk í íslensku hefur verið um og undir meðaltali milli ára 2017-2019 en árangur hefur eflst og er nú rétt yfir meðaltali. Stærðfræði hefur ýmist verið undir eða yfir meðaltali en er nú við meðaltal. Árangur í ensku og íslensku hefur eflst frá árinu 2017.




Mynd 3. Árangur nemenda í 9. bekk á samræmdum könnunarprófum.

Markvisst er fylgst með árangri nemenda og nemendahópa, kennarar rýna sameiginlega í niðurstöður og brugðist er við eftir þörfum með það að markmiði að viðhalda góðum árangri og bæta hann enn frekar.


Skólinn notar Skólapúlsinn til að spyrja nemendur 6.-10. bekkjar um líðan þeirra í skólanum, virkni þeirra í námi og almennra spurninga um skólastarf og bekkjaranda. 20 matsþættir eru metnir með nokkrum undirspurningum hver. Í flestum þáttum eru svör nemenda skólans sambærileg og svör annarra nemenda sem taka þátt.

Lesferill

Skólinn nýtir matstækið Lesferil við mat á lesfimi (hraði og öryggi) nemenda. Myndir 4 og 5 sýna leshraða árganga skólans og eru þau viðmið sem Menntamálastofnun setur sýnd í fremsta dálkinum (stöplarit) á mynd 4. Þegar línuritið (mynd 5) er skoðað sést að meðaltal lesinna orða nemenda skólans (bláa línan) er um landsmeðaltal (rauða línan) í flestum árgöngum og fyrir ofan meðaltal í 5. og 7. árgangi.



Mynd 4. Hlutfall nemenda eftir frammistöðu viðmiðs.




Mynd 5. Meðaltal lesinna orða og viðmið.

Þess má geta að nánast hver einasti nemandi skólans tók þátt í Lesferli.

2.3 Gæði kennslu

Matsmenn sátu í 27 kennslustundum hjá rúmlega 70% kennara og í fjölbreyttum námsgreinum. Flestar kennslustundir voru metnar góðar og ein frábær en nokkrar stundir þörfuðust úrbóta. Störf kennara endurspegla stefnu og markmið skólans og stefnan Uppeldi til ábyrgðar var sýnileg í vettvangsathugunum.

Kennslustundir eru skráðar út frá kennsluathöfnum kennara sem flokkaðar eru í þrjá flokka; fræðandi, leiðbeinandi eða blöndu af hvoru tveggja. Það sem einkennir fræðandi kennsluathafnir kennara er að útskýra, sýna og spyrja. Ef spurt er kallar það oftast á eitt rétt svar. Það sem einkennir leiðbeinandi kennsluathafnir er að lögð er áhersla á krefjandi spurningar og lausnaleit sem reynir á rökhugsun nemenda eða leggur áherslu á frumkvæði eða opin/skapandi verkefni þar sem hægt er að velja úr nokkrum lausnum. Nemandinn er í forgrunni og virkur í að athuga, rannsaka og draga ályktanir.



Mynd 6. Kennsluáherslur.

Eins og sjá má á súluritinu hér fyrir ofan eru fræðandi kennsluhættir í 74% tilfella og leiðbeinandi kennsluhættir í rúmlega 10% kennslustunda.

Í náms- og kennsluáætlunum eru skráð markmið og í nokkrum tilfellum var nemendum gerð grein fyrir markmiðum í upphafi kennslustunda. Einnig voru markmið vikunnar á áberandi stöðum í kennslustofum yngri barna.

Námsmat er fjölbreytt og má þar nefna leiðsagnarmat sem er áberandi enda mikil áhersla lögð á það í skólanum. Auk þess var sjálfsmat, jafningjamat, ferilmöppur o.fl nefnt í rýnihópum.

Fyrir þá sem þurfa einstaklingsnámskrá eru þær gerðar í Mentor, hæfnikort þar sem tilgreindir eru matskvarðar. Út frá hæfnikortinu er síðan gerð stundatafla fyrir nemendur sem foreldrar skrifa undir.

Séð er til þess að bráðgerir nemendur fái nám við hæfi, í yngri hópum með ítarefni og á unglingastigi geta nemendur tekið áfanga á framhaldsskólastigi. Þá er einnig á unglingastigi gert ráð fyrir bráðgerum nemendum í námsveri.


2.4 Skipulag náms

Kennarar vinna saman að skipulagi náms og kennslu innan árganga. Það má m.a. sjá á yngsta stigi þar sem hringekjur skapa fjölbreytni í námi.

Nemendur vinna að hluta til að samþættum og heildstæðum verkefnum. Þar má nefna árlegt verkefni *Lesið í nesið* (fjallað var um það í kafla 1.3), á unglingastigi voru nefnd verkefnin *Borð fyrir einn* sem er samþætt verkefni allra list- og verkgreina og *Hvað kosta jólin* þar sem allar greinar eru samþættar. Á yngri stigum er líka gjarnan samþætt íslenska og samfélagsfræði. Þá eru þema- og hópverkefni tengt Uppeldi til ábyrgðar, t.d. eru *Kærleikar* ávallt í lok nóv. Þar vinna nemendur í vinapörum t.d. 1. bekkur með 6. bekk, 2. bekkur með 7. bekk o.s.frv.

Eins og kom í kafla 1.3 er mikil samvinna við grenndarsamfélagið.

Við ytra mat eru kennslustundir einnig skráðar út frá námsathöfnum nemenda sem snúa að sjálfstæðu námi (einstaklingsvinnu), samvinnu eða blöndu af hvoru tveggja.



Mynd 7. Námsathafnir.

Á súluritinu hér fyrir ofan sést að einstaklingsvinna var í 67% kennslustunda á vettvangi og samvinna í 11%. Því má ætla að umræður og skoðanaskipti séu ekki veigamikill þáttur í almennum kennslustundum. Þetta rímar við það að fræðandi kennsluhættir eru áberandi.

Umsjónarkennari fylgist markvisst með framförum og líðan allra nemenda og gerir þeim og foreldrum grein fyrir stöðu og næstu skrefum. Í foreldrakönnun, sem lögð var fyrir í tengslum við matið, kom fram að rúmlega 20% foreldra kalla eftir að fá oft og reglulegar upplýsingar um námsárangur og kynningu á námsáætlunum.

Nemendur nýttu upplýsinga- og samskiptatækni í 19% kennslustunda á vettvangi. Þess má geta að í vettvangsathugunum reiknast það sem notkun ef einn nemandi nýtir snjalltæki/tölvur að einhverju marki í kennslustundinni eða kennari varpar upp mynd/glærum. Kennarar nýttu upplýsingatækni í 30% kennslustunda á vettvangi. Þessi notkun hvað varðar kennara er svipuð og hefur verið í skólum sem metnir hafa verið á sama hátt á liðnu ári en heldur minni hjá nemendum.

Í 1.-7.bekk nota kennarar kennsluaðferðina „vörður og vegvísar“ þar sem megináhersla er á lestrar- og ritunarkennslu. Þessi kennsluaðferð var sýnileg á vettvangi.

2.5 Námsvitund

Flestir nemendur sýna námi sínu áhuga og eru virkir í kennslustundum. Nemendur taka þátt í að setja sér markmið í frammistöðumati í Mentor en nemendur í rýnihópi könnuðust ekki við beina kennslu í að setja sér markmið, nema í einum árgangi. Markmiðasetning er fyrst og fremst í höndum kennara.

Þegar einstaklingsnámskrár eru gerðar er það í samvinnu umsjónarkennara og sérkennara, en foreldrar eru ekki með í ráðum fyrr en hún en borin undir þá og geta þá gert athugasemdir. Nemendur koma lítið sem ekkert að gerð slíkra námskráa.

Nemendur fá markvissa þjálfun í fjölbreyttum námsaðferðum en áhugasvið og margvíslegir hæfileikar nemenda eru sjaldan sýnilegir í verkefnum en koma fram í vali nemenda á unglingastigi. Nemendur geta valið sér útfærslu verkefna í einstaka fögum, einkum list- og verkgreinum.

Nemendur þjálfast í að meta eigið nám og vinnu. Í lok kennslustunda, t.d. í listgreinum, eiga nemendur gjarnan að meta einstök verkefni eða vinnu sína í kennslustundinni. *Brottfararspjöld* eru sérstök verkfæri sem nemendur nýta til að meta stöðu sína í einstökum námsgreinum.

Í foreldrakönnun, sem lögð var fyrir í tengslum við ytra matið, kom fram að meiri hluta foreldra (70%) telja að barni þeirra finnist gaman að læra í skólanum og 80% telja að barnið fái hvatningu til að leggja sig fram og taki framförum í náminu. Jafnframt kom fram að tæplega 80% foreldra sögðu að barninu sínu liði vel í skólanum en 14% voru því ósammála, aðrir voru hlutlausir.

2.6 Ábyrgð og þátttaka

Almennt eru samskipti í skólasamfélaginu jákvæð og einkennast af virðingu. Sjóarmiða nemenda er aflað með árlegu skólaþingi og könnun í Skólapúlsi. Skólaþingið er fyrir nemendur í 5.-10. bekk en þar geta þau komið sjónarmiðum sínum á framfæri. Þar er mest til umræðu aðbúnaður en minna það sem varðar skipulag náms og skólastarfs. Afrakstur skólaþings fer síðan til stjórnenda og annarra sem fjalla um málið og rýnihópar gátu nefnt dæmi um það að tillit hafi verið tekið til sjónarmiða nemenda.

Nemendur eru í skólaráði og í nemendaráði og í umhverfisnefnd innan skólans. Meðal annars ganga nemendur í stofur og gera úttekt á því hvort flokkun er rétt. Í valgreininni félags- og tómstundafræði á unglingastigi fá nemendur þjálfun í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og hluti af nemendum þar skipar nemendaráð. Nemendaráð gengur gjarnan í kennslustofur og kemur upplýsingum á framfæri til annarra nemenda, fundargerðir skólaráðs eru á heimasíðu en fulltrúr nemenda þar koma ekki upplýsingum beint til samnemenda.

Í nokkrum árgöngum eru reglulega haldnir bekkjarfundir og þá gjarnan kynjaskipt en ekki eru regluleg einstaklingsviðtöl.

Styrkleikar

- Stefna skólans um kennsluhætti er sýnileg á vettvangi.
- Stefnan Uppeldi til ábyrgðar er áberandi í öllu skólastarfi.
- Námsvísar (náms- og kennsluáætlanir) eru greinargóðir og byggja á aðalnámskrá.
- Stuðningur er fjölbreyttur og tekur til allra þátta í skólastarfinu.
- Einstaklingsnámskrár eru í Mentor sem hæfnikort með matskvörðum.
- Niðurstaða nemendakönnunar gefur til kynna að einelti sé umtalsvert minna en í öðrum skólum sem nýta Skólapúls.
- Í skólanámskrá er gerð grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum.
- Námsmat er fjölbreytt og tekur mið af kennsluháttum.
- Bráðgerir nemendur fá nám við hæfi.
- Grenndarsamfélagið er markvisst nýtt í skólastarfi.
- Nemendur vinna ýmis samþætt verkefni svo sem Lesið í nesið.
- Nemendur þjálfast í að meta eigið nám og vinnu.
- Nemendur í nemendaráði fá þjálfun í að koma skoðunum sínum á framfæri.
- Árlegt skólaþing eflir nemendalýðræði í skólanum.
- Samvinna og stuðningur ríkir innan nemendahópsins.
- Að mati foreldra fá nemendur hvatningu til að leggja sig fram í náminu og taka framförum.

Tækifæri til umbóta

- Gera grein fyrir hvernig námsaðlögun er háttað í náms- og kennsluáætlun.
- Auka enn frekar fjölbreytni kennsluhátta.
- Gera nemendum betur grein fyrir markmiðum einstakra kennslustunda.
- Auka umræður og skoðanaskipti í kennslustundum.
- Efla samstarf og samvinnu nemenda í námi.
- Kynna enn betur fyrir nemendum heildarmarkmið námsgreina.
- Kenna nemendum markvisst að setja sér markmið.
- Hafa nemendur með í ráðum við gerð einstaklingsnámskráa þegar við á.
- Gera áhugasvið nemenda sýnilegri í verkum þeirra.
- Sjá til þess að ákvarðanir ráða og nefnda sem nemendur sitja í séu öllum nemendum aðgengilegar.
- Hvetja til reglulegra bekkjarfunda í öllum árgöngum til að auka nemendalýðræði og þjálfar nemendur markvisst í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.
- Efla upplýsingagjöf til foreldra um námsárangur og námsáætlanir.
- Leita leiða til að bæta enn frekar líðan nemenda í skólanum.

Skipulag	Framkvæmd	Umbætur
----------	-----------	---------

3.1 Skipulag

Í rýnihópum kom fram að innra mat er álitð mikilvægt og sjálfsagður hluti af skólastarfinu. Í skólanámskrá er fjallað um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta sitt innra starf. Þar má nefna kannanir Skólapúlsins fyrir nemendur, foreldra og starfsmenn, starfsþróunarsamtöl, foreldrasamtöl og nemendaping. Mat á námi, framförum og árangri nemenda fer fram með einhverjum hætti reglulega og mikil áhersla er á leiðsagnarmat.

Mat á kennslu og fagmennsku kennara fer fram með því að skólastjórnendur fara í heimsóknir í kennslustundir og veita endurgjöf eins og fram kemur í innra mats áætlun skólans. Þá er jafnframt gert ráð fyrir jafningjamati kennara þar sem þeir skiptast á að heimsækja hvern annan í kennslustundir.

Fyrir liggur innra mats áætlun fyrir yfirstandandi skólaár en ekki er til langtímaáætlun (3-5 ár). Val matsþátta byggir á stefnu og markmiðum og helstu viðfangsefnum sem skólinn starfar að.

Stefna skólans er rædd og endurskoðuð á hverju hausti, svo sem Uppeldi til ábyrgðar, en formlegt mat á stefnunni hefur ekki farið fram nýlega.

3.2 Framkvæmd

Áhersla er á mat á námi og kennslu með ígrundun kennara. Niðurstöður sem aflað er af aðilum utan skólans eru rýndar, ræddar og nýttar með markvissum hætti á sama hátt og niðurstöður sem aflað er af aðilum innan skólans en þó koma þær ekki beint inn í innra mats áætlun, svo sem niðurstöður samræmdra könnunarprófa.

Skólastjóri heldur utan um innra matið, skipulag þess og leiðir sem farnar eru, en framkvæmd innra mats er á ábyrgð stjórnenda sem hafa umsjón með henni. Aðrir hagsmunaaðilar koma ekki beint að innra mati svo sem í gegnum ytra mats teymi með aðkomu nemenda og foreldra.

Við öflun gagna er leitað eftir sjónamiðum þeirra hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli; starfsmenn, nemendur og foreldrar. Þó kom fram í foreldrakönnun sem gerð var í kjölfar ytra mats að 42% foreldra telja að skólinn leiti ekki eftir tillögum og hugmyndum foreldra.

Ársskýrslur skólans eru ýtarlegar og má segja að tengist innra mati. Þær eru gerðar í lok skólaárs og þar er m.a. samantekt kennara á því hvað gekk vel á skólaárinu og hvað mætti betur fara.

3.3 Umbætur

Greinargerðir sem lýsa framkvæmd innra mats, helstu niðurstöðum og áætlunum um umbætur eru öllum aðgengilegar á heimasíðu og þar kemur fram að skýrsla liðins árs sé í vinnslu. Í þessum skýrslum er fjallað um helstu styrkleika og tækifæri til umbóta og að hve miklu leyti markmið hafa náðst.

Niðurstöður mats, svo sem kannana í Skólapúlsi, eru kynntar á kennarafundi og þá eru umræður um það sem mætti gera betur. Eftir námsviðtöl eru deildafundir þar sem rætt er hvort eitthvað hafi komið fram sem þarf að bregðast við og hvað kom fram jákvætt.

Foreldrafélög í Garðabæ hafa staðið fyrir kynningu á könnun um líðan barna í Garðabæ. Þá er gjarnan líka fyrirlestur þar sem brugðist er við niðurstöðum úr könnuninni.

Í umbótaáætlun skólans eru tíundaðir efnispættir og leiðir til umbóta en ekki koma fram tímasetningar, ábyrgðaraðilar á öllum verkefnum, þátttakendur og hvernig og hvenær á að meta umbætur.

Allir rýnihópar og viðmælendur gátu nefnt umbætur í skólastarfinu sem eru raktar til innra mats og umbótum er kerfisbundið fylgt eftir að mati þeirra. Á heimasíðu eru greiningar á umbótaáætlunum fyrri ára, þ.e. farið er árlega yfir hvað hefur gengið eftir af þeim umbótum sem hafa verið á dagskrá og hvernig hefur tekist til.

Á heimasíðunni er aðgerðaráætlun vegna skólustefnu Garðabæjar 2017-2020 og þar koma fram markmið, leiðir, verktími, ábyrgðaraðilar og hvernig á að meta aðgerðir.

Styrkleikar

- Í skólanámskrá er fjallað um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta sitt innra starf.
- Mat á námi og framförum og árangri nemenda fer fram með ýmsum hætti, m.a. með leiðsagnarmati.
- Mat á kennslu af hálfu stjórnenda og jafningjamat kennara er á áætlun innra mats á þessum ári.
- Framkvæmd innra mats er á ábyrgð stjórnenda.
- Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðila.
- Innra mat byggir á fjölbreyttri gagnaöflun.
- Allir hagsmunaaðilar geta nefnt umbætur sem raktar eru til innra mats.
- Greinargóðar skýrslur um innra mat eru á heimasíðu skólans.
- Aðgerðaráætlun skólans vegna skólustefnu Garðabæjar til þriggja ára er á heimasíðu.

Tækifæri til umbóta

- Skipa matsteymi með fulltrúum allra hagsmunaaðila sem hefur umsjón með innra mati, velur leiðir og matsþætti, ákveður framkvæmd og ræðir umbætur.
- Gera langtímaáætlun í innra mati (3-5 ár).
- Ljúka skýrslu um innra mat áður en nýtt skólaár hefst.
- Kynna niðurstöður innra mats formlega fyrir öllum hlutaðeigandi.
- Samræður um þróun og umbætur fari fram meðal allra hagsmunaaðila.
- Gera umbótaáætlun þar sem fram koma markmið, leiðir, þátttakendur, ábyrgðaraðilar, tímasetningar og hvernig og hvenær á að meta umbætur.
- Leita enn frekar formlegra og óformlegra leiða til að fá hugmyndir og tillögur foreldra varðandi skólastarfið og stefnu skólans.